

Reykjavík, 7. mars 2012

Niðurstöður athugunar á tilteknum þáttum í starfsemi Arctica Finance hf.

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á tilteknum þáttum í starfsemi Arctica Finance hf. á grundvelli heimildar í 9. gr. laga nr. 87/1998. Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og gagna í tengslum við athuginina á tímabilinu desember 2011 til febrúar 2012. Í kjölfar athugunarinnar var Arctica Finance send drög að bréfi þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur. Arctica Finance var gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum og andmælum á framfæri. Í endanlegu bréfi til Arctica Finance, dags. 15. febrúar 2012, var tekið tillit til þeirra andmæla sem tilefni þótti til og frekari upplýsinga sem eftirlitinu bárust frá Arctica Finance.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Gerð var athugasemd við að stjórn hafi ekki sett verklagsreglur um hvernig skuli fylgst með að starfandi stjórnarformaður fari ekki út fyrir hlutverk sitt og ábyrgð sem stjórnarformaður Arctica Finance.

Gerð var athugasemd við núverandi fyrirkomulag Arctica Finance varðandi starfsemi fjárfestingarráðgjafar innan Eignastýringar og var félaginu falið að herða eftirlit og bæta utnumhald til að koma í veg fyrir mögulega hagsmunarárekstra innan Eignastýringar.

Gerð var athugasemd við að stjórn Arctica Finance hafði ekki gefið út erindisbréf regluvarðar þar sem meðal annars væri gerð grein fyrir stöðu regluvarðar innan félagsins og hvernig sjálfstæði hans væri tryggt. Jafnframt var gerð athugasemd við að á þeim tíma sem athugun Fjármálaeftirlitsins fór fram hafði stjórn Arctica Finance ekki tilnefnt staðgengil regluvarðar. Að lokum var bent á að tryggja þyrfti að starfsmenn (regluvörður og staðgengill hans) sem starfa við regluvörslu taki ekki þátt í að inna af hendi þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með.

Fjármálaeftirlitið mun birta gagnsæistilkynningu þegar skýrsla Arctica Finance um úrbætur liggur fyrir.

Tilkynning þessi er birt með heimild í 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.